

# D Ó M U R

Árið 2017, mánudaginn 16. janúar, var á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4234/2015:

A

gegn

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

kveðinn upp svohljóðandi

## d ó m u r :

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 21. nóvember sl., var höfðað fyrir dómþinginu af A, [...], Reykjavík, á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., með stefnu áritaðri um birtingu 16. desember 2015.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennd verði bótaskylda stefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf., úr slysatryggingu ökumanns hjá stefnda, á tjóni stefnanda vegna umferðarslyss sem hann lenti í 6. júní 2014. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, eins og máið væri eigi gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað, að skaðlausu, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, áður en dómur var kveðinn upp.

## II

Stefnandi kveður málavexti vera þá að hann hafi, hinn 6. júní 2014, verið staddur á skipulögðu mótorkrosssvæði í Bolöldu í Jósepsdal ásamt félagá sínum, B. Stefnandi hafi ekið nokkra hringi á mótorkrossbraut svæðisins er hann hafi skyndilega misst stjórn á bifhjóli sínu nr. [...] með þeim afleiðingum að hann hafi fallið af bifhjólinu og fengið þungt högg á hægri hnéð. Stefnandi kveðst samstundis hafa kennt til í hægri hnénu og hafi í kjölfarið snúið heim, þar sem verkirnir hafi haldið áfram að aukast.

Daginn eftir, 7. júní 2014, hafi stefnandi kennt svo mikið til í hnénu að hann hafi leitað á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi. Þar hafi stefnanda verið tjáð að sólarhringsbið væri eftir lækniástoð og hafi hann því farið heim en í kjölfarið pantað tíma hjá lækni á Heilsugæslunni í Grafarvogi. Eftir beiðni heimilislæknis við Heilsugæsluna í Grafarvogi hafi stefnandi verið sendur í segulómunarrannsókn

hinn 10. september 2014. Sú rannsókn hafi ranglega leitt í ljós að ekki væri um neina varanlega ákverka að ræða á hægri hné stefnanda líkt og stuttlega sé reifað í læknisvottorði Önnu Geirsdóttur heilsugæslulæknis. Í því vottorði kemur fram að árið 2012 hafi hnéskel stefnanda farið úr lið. Sá atburður hafi átt sér stað í fótoltaleik og hafi leitt til tjóns á hnéskel vinstri fótari líkt og fram komi í læknaþréfi Ólafs Ragnars Ingimarssonar frá 31. maí 2012.

Um haustið 2014 hafi stefnandi haldið áfram að finna fyrir miklum verkjum í hægri hné ásamt máttleysi. Hann hafi fundið fyrir greinilegum einkennum um óstöðugleika og hafi reglulega misst mátt í hægri fæti.

Stefnandi fór í lækni skoðun hjá Ara Konráðssyni 25. nóvember 2014 og var það mat hans að fremra krossband í hægri hné væri slitið. Í kjölfarið voru myndir úr segulóm skoðuninni frá 10. september 2014 skoðaðar að nýju og kom í ljós að krossbandið hefði þá verið slitið.

Stefnandi fór í framhaldinu í aðgerð á hnénu hinn 21. janúar 2015. Stefnandi kveðst hafa misst fjórar vikur úr vinnu eftir aðgerðina, en hann hafi unnið í hlutastarfi í skíðaleigunni í Bláfjöllum. Stefnandi var í sjúkrahjálfun frá því að aðgerðin var gerð og fram á haust 2015.

Stefnandi tilkynnti stefnda um slysið 2. desember 2014. Stefnandi hafnaði greiðsluskyldu úr slysatryggingu ökumanns í tölvuskeyti til stefnanda 25. mars 2015, á þeim grundvelli að skortur væri á gögnum sem sýndu nægilega fram á orsakatengsl milli bifhjólasyssins og líkamstjóns stefnanda.

Stefnandi aflaði í kjölfarið frekari gagna í því skyni að sýna fram á orsakatengsl og óskaði í framhaldinu eftir að stefndi endurskoðaði afstöðu sína til bótaskyldunnar. Stefnandi hafnaði bótaskyldu í tölvuskeyti til stefnanda, dagsettu 25. júní 2015, með sömu rökum.

### III

Stefnandi byggir kröfu sína á því að stefndi beri ábyrgð á slysi sem hann hafi orðið fyrir hinn 6. júní 2014. Ágreiningslaust sé að stefnandi hafi á þeim tíma verið tryggður lögboðinni slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga hjá stefnda og hafi sú trygging verið keypt hjá stefnda. Stefnandi hafi fallið af bifhjóli sínu, sem verið hafi í gangi og á ferð, þ.e. í notkun samkvæmt skilgreiningu 88. gr. umferðarlaga. Við slysið hafi stefnandi orðið fyrir líkamstjóni. Hann hafi hvorki verið undir áhrifum áfengis né annarra vímuefna eða hafi hann viðhaft gáleysislegan akstur þegar slysið hafi átt sér stað. Samkvæmt öllu framangreindu hafi stefnandi því hlotið meiðsl við stjórn og notkun hins vátryggaða bifhjóls en tjónsatburðurinn falli undir hugtaksskilgreiningu um slys.

Samkvæmt 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga og grein 10.1 í váttryggingarskilmálum tryggingarfélagsins tryggi slysatrygging ökumanns, sem stefnandi hafi haft, stefnanda bætur fyrir líkamstjón sem hljótist af slíkri notkun samkvæmt 88. gr. umferðarlaga. Um ákvörðun bóta fari eftir almennum reglum íslensks skaðabótaréttar samkvæmt 2. gr. og 12. gr. sömu skilmála.

Stefnandi byggir á því að hann hafi leitað sér frekari læknisaðstoðar og tilkynnt um tjónið um leið og hann hafi gert sér grein fyrir að það hefði haft svo umtalsverðar afleiðingar. Þá verði það ekki metið stefnanda í óhag að ranglega hafi verið lesið úr myndgreiningu sem hann fór í haustið 2014.

Stefnandi hafi sýnt fram á slysið með yfirlýsingum vitna, en áverka og afleiðingar hafi verið sýnt fram á með læknisvottorðum og niðurstöðum myndgreiningarrannsókna. Orsakatengslin eigi stuðning í fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum, framburði meðferðarlækna og framburði vitna, m.a. B, sem hafi orðið vitni að slysinu sjálfu. Af öllu framangreindu leiði að uppfyllt séu skilyrði fyrir greiðslu stefnda á bótum úr slysatryggingu ökumanns og verði því að fallast á viðurkenningarkröfu stefnanda.

Tjón stefnanda felist í þeim útlagða kostnaði sem hann hafi orðið fyrir vegna læknisheimsókna, aðgerðar og sjúkrahjálfunar. Þetta fjártjón nemi samtals 132.156 krónum. Þá hafi stefnandi verið frá vinnu í fjórar vikur eftir aðgerðina 21. janúar 2015. Samkvæmt meðalárstekjum stefnanda síðustu þrjú ár nemi tímabundið atvinnutjón miðað við þann tíma 54.628 krónum, sbr. grófa samantekt á því tjóni stefnanda sem hann hafi þegar orðið fyrir. Þá hafi liðið samtals 229 dagar frá slysi og fram að aðgerðinni 21. janúar 2015. Frá aðgerðinni og þar til skipulagðri endurhæfingu, samkvæmt vottorði Ara Karlsonar, hafi lokið, hafi liðið 273 dagar. Ef stefnandi verði talinn hafa verið veikur en ekki rúmliggjandi þennan tíma nemi tjón hans 910.000 krónum. Stefnandi hafi nú lokið skipulagðri endurhæfingu, en hafi ekki náð fullum bata. Mögulega þurfi stefnandi að undirgangast aðra aðgerð vegna slyssins. Varanlegar afleiðingar séu enn óljósar og muni stefnandi óska eftir að þær verði metnar af hálfu stefnda verði fallist á dómkröfu stefnanda í máli þessu, ásamt þjáningartímabili, tímabundnu atvinnutjóni og mögulegum framtíðarsjúkrakostnaði, reynist t.d. nauðsynlegt að gera aðra aðgerð á hnénu. Fyrirséð sé því að tjónið sé meira að umfangi en að framan greini.

Krafist sé viðurkenningar á bótaskyldu þar sem ekki liggi fyrir nákvæmt mat á tjóni stefnanda. Samkvæmt gögnum málsins eigi þó að vera ljóst að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni og fjárhagslegu tjóni sem stefndi beri ábyrgð á og hafi stefnandi af því lögvarða hagsmuni að fá viðurkenningu á bótaskyldu stefnda, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Stefnandi hafi þannig sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni, gert grein fyrir því í hverju tjón hans felist og

enn fremur hver tengsl þess séu við slysið.

Um lagarök vísar stefnandi til umferðarlaga nr. 50/1987, aðallega 92. gr., sbr. 88. gr. þeirra laga, laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hlutaðeigandi váttryggingarskilmála, sem og skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennra reglna skaðabótaréttarins. Þá vísar stefnandi til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

#### IV

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að tjón stefnanda sé ósannað og að ósannað sé að orsakatengsl séu milli þeirra líkamlegu einkenna sem stefnandi hafi og mótörhjólaslyss við Bolöldu í júní 2014. Sönnunarbyrði um tjón, umfang tjóns og orsakatengsl hvíli á stefnanda. Þá krefjist stefndi einnig sýknu á þeim grundvelli að stefnandi hafi í umrætt sinn verið í aksturskeppni og að slysatrygging ökumanns nái ekki til aksturskeppna. Loks krefjist stefndi sýknu á þeim grundvelli að stefnandi hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem hafi orðið til þess að hann hafi fallið og því sé ábyrgð félagsins fallin niður.

Engin samtímagögn liggi fyrir sem staðfesti áverka stefnanda eftir slysið og takmarkað magn af gögnum hafi verið lagt fram til stuðnings málatilbúnaði hans. Áverkni stefnanda hafi verið slitnið fremra krossband á hægra hné. Slíkur áverkni sé algengur og geti komið við minni háttar hnjask. Algengast muni vera að fremra krossbandið slitni við íþróttaiðkun en geti einnig orðið við venjubundin störf.

Stefnandi hafi fyrst leitað til læknis rúmum þremur mánuðum eftir að hann hafi dottið af mótorkrosshjól sínu við Bolöldu. Engin læknisfræðileg gögn styðji að stefnandi hafi hlotið áverkann við þetta fall. Ýmislegt hefði getað valdið áverkanum fyrir fallið í júní eða eftir það. Til að sýna fram á orsakatengsl hefði stefnandi þurft að leita sér læknishjálpar strax eftir slysið. Raunar liggi engin samtímagögn fyrir um þetta slys, nákvæmlega hvenær það átti sér stað og með hvaða hætti. Lögregla hafi hvorki verið kölluð á vettvang né sjúkrabifreið. Í þeim vottorðum sem liggi fyrir, bæði vottorð Önnu Geirsdóttur og vottorði Ara Konráðssonar, sé tekið fram að stefnandi hafi lent í mótörhjólaslysi einhverjum mánuðum áður. Í þessum vottorðum séu læknarnir að hafa eftir stefnanda það sem hann telji vera orsök áverkanna en ekki að taka sjálfstæða afstöðu til þess hvort áverkana sé að rekja til þessa tiltekna umferðarslyss eða ekki. Stefndi telur að of langt hafi liðið frá slysi og þess tíma er hann hafi leitað til læknis vegna einkenna frá hné til að unnt sé að tengja einkennin slysinu. Sönnun um líkamstjón og orsakatengsl verði ekki byggð á einhliða frásögn stefnanda. Stefndi hafi verið

með lögboðna ökutækjategyggingu og slysatryggingu ökumanns hjá stefnda. Stefnandi hafi tekið trygginguna hjá stefnda þann 3. júní 2014 og tryggingin hafi fyrst tekið gildi þann dag. Þar sem mjög sé á reiki nákvæmlega hvenær stefnandi hafi orðið fyrir slysinu þá sé ekki einu sinni sannað að stefnandi hafi verið með tryggingu hjá stefnda á slysdegi.

Sönnunarbyrðin um að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, á þann hátt að falli undir lögbundnar ökutækjategyggingar, hvíli á stefnanda. Stefnandi hafi hvorki getað sýnt fram á eða sannað að hann hafi orðið fyrir slysi að Bolöldu né nákvæmlega hvenær það slys hafi átt sér stað. Stefnandi beri einnig sönnunarbyrðina fyrir því að orsakatengsl séu á milli áverka og hins bótaskylda atviks. Stefnandi hafi ekki leitað til læknis fyrr en rúmlega þremur mánuðum eftir hið meinta slys og kvartað þá undan verkjum í báðum hnjám. Það liggja fyrir að stefnandi hafi átt við meiðsl að stríða í vinstra hné allt frá 2012. Engin gögn hafi verið lögð fram um ástand hægra hnés og hvort stefnandi hafi áður orðið fyrir hnjaski á því. Skorað sé á stefnanda að leggja fram sjúkraskrá.

Eina lýsingin sem liggja fyrir um tildrög slyssins sé að finna í læknisvottorði Ara Konráðssonar, en þar segi: „Að sögn [stefnanda] muni slysið hafa orðið með þeim hætti að hann keyrði torfærumótorhjólíð á braut við Bolöldu. Hann datt í brautinni, líklega á 70-80 km hraða“. Í gögnum málsins sé að finna myndir af Bolöldu. Stefnandi telur að stefnandi hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann hafi keyrt mótorkrosshjól á miklum hraða við þær aðstæður sem séu í Bolöldu. Nákvæmlega hversu hratt stefnandi hafi ekið eða hvar hann hafi verið í brautinni þegar hann féll liggja ekki fyrir enda hafi lögregla ekki verið kölluð á vettvang eða hafi verið fyllt út tjónaskýrsla um slysið. Stefnandi verði að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem uppi sé um aðstæður á brautinni og aðdraganda slyssins. Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. í skilmálum um slysatryggingu ökumanns falli ábyrgð félagsins niður eða lækki ef váttryggingaraburði hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi váttryggðs.

Samkvæmt grein 23.2 í skilmálum um slysatryggingu ökumanns taki váttryggingin ekki til aksturskeppni nema um annað sé samið gegn viðbótargjaldi og áritað á skírteini. Stefnandi telji líkur á að stefnandi hafi verið í aksturskeppni á brautinni við Bolöldu er slysið hafi átt sér stað. Ómögulegt sé hins vegar fyrir stefnda að sanna slíka fullyrðingu þar sem ekki hafi verið tilkynnt um slysið fyrr en sex mánuðum síðar. Stefnandi telji því að snúa beri sönnunarbyrðinni við og það sé stefnanda að sanna að hann hafi ekki í umrætt sinn verið í aksturskeppni og að hann hafi í umrætt sinn ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við að aka allt of hratt á moldarbraut sem á séu margar krappar beygjur.

Stefndi byggir varakröfu sína á sömu röksemdum og aðalkröfu sína.

Stefndi mótmælir því ekki að stefnandi eigi rétt á því, á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, að fá skorið úr um tilvist og efni kröfu sinnar. Hins vegar mótmæli stefndi þeirri fullyrðingu í stefnu að stefnandi hafi orðið fyrir tímabundnu atvinnutjóni er hann hafi verið frá vinnu í fjórar vikur eftir aðgerð á hné sem framkvæmd hafi verið þann 21. janúar 2015. Í stefnu komi fram að stefnandi hafi á þessum tíma verið í hlutastarfi hjá skíðaleigunni í Bláfjöllum með námi. Engin gögn hafi verið lögð fram um þetta starf stefnanda eða staðfesting á að hann hafi orðið fyrir tímabundnu atvinnutjóni þar sem tekið sé mið af meðaltekjum stefnanda síðustu þrjú árin fyrir slys. Slíkir útreikningar hafi enga lagastoð. Einnig mótmæli stefndi því mati stefnanda að hann eigi rétt á þjáningabótum í 502 daga eftir slysið.

Um lagarök vísar stefndi til reglna skaðabótaréttar, umferðarlaga nr. 50/1988 og laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga og váttryggingaskilmála.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

## V

Ágreiningur máls þessa lýtur að bótaskyldu stefnanda. Aðila greinir á um hvort stefnandi hafi orðið fyrir slysi þann 6. júní 2014 við það að falla af mótörhjólí sínu.

Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að stefndi sé greiðsluskyldur. Honum ber að sanna að hann hafi orðið fyrir slysi sem rakið verði til notkunar bifhjólsins samkvæmt 88. gr., sbr. 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hér er ekki öðrum sönnunargögnum teft fram en aðilaskýrslu stefnanda, vitnaskýrslum og skriflegum vottorðum lækna af meiðslum hans.

Stefnandi sleit krossband árið 2014. Kveður hann að það hafi gerst við það að hann féll af bifhjólí sínu við akstur þess í Bolöldu 6. júní 2014. Stefndi hefur hafnað bótaskyldu þar sem ósannað sé að orsakatengsl séu á milli bifhjólasyssins og líkamstjóns stefnanda.

Meiðslum stefnanda er lýst í gögnum málsins.

Samkvæmt framlögðu læknisvottorði Ara Konráðssonar læknis, dagsettu 17. mars 2015, liggur fyrir að með segulómmyndun af hnénu, sem tekin var 10. september 2014 hafi komið í ljós að stefnandi hafði slitið fremra krossbandið í hægra hné.

Samkvæmt framburði B vinar stefnanda, hér fyrir dómi, var hann með stefnanda umrætt sinn. Staðfesti hann að stefnandi hefði fallið af bifhjólínu þar sem þeir hefðu verið að hjóla í Bolöldu í byrjun júní 2014. Kvað hann stefnanda

hafa verið mjög kvalinn eftir fallið.

Við aðalmeðferð málsins gaf og skýrslu C, sjúkraliði og móðir fyrrverandi kærustu stefnanda. Kvað hún stefnanda hafa komið á heimili hennar eftir mótörhjólaferð með vini sínum. Stefnandi hafi sagt að hann hefði dottið og meitt sig illa á fæti. Hún kvaðst hafa sagt honum að fara á bráðamóttöku Landspítalans, þar sem henni hafi litist illa á þetta. Hann hafi komið aftur þar sem biðtíminn þar hefði verið svo langur. Hann hafi svo seinna leitað á Heilsugæsluna í Grafarvogi.

D, fyrrverandi kærasta stefnanda, gaf og skýrslu við aðalmeðferð málsins. Kvaðst hún hafa farið með stefnanda á bráðamóttöku Landspítalans, eftir að hann hefði lent í mótörhjólaslysi 6. júní 2014. Þar hafi þeim verið sagt að sólarhringsbið væri eftir lækniþjónustu og hefði stefnandi því ákveðið að fara heim og sjá til hvort verkirnir myndu lagast. Hún kvaðst geta staðfest að þetta hefði verið í byrjun júní, þar sem hún myndi eftir því að þetta hefði verið eftir að hún útskrifaðist úr skóla, sem hefði verið 30. maí 2014.

Þá gaf og skýrslu fyrrverandi vinnufélagi stefnanda, E. Kvað hann stefnanda hafa sagt sér í júní 2014 að hann hefði dottið illa af mótörhjól sínu í Bolöldu og meitt sig á hné.

Frásögn stefnanda af fyrrgreindu slysi og meiðslum af þess völdum hefur frá upphafi verið söm. Stefnandi kveðst hafa farið á bráðamóttöku Landspítalans eftir slysið en þar hafi honum verið sagt að sólarhrings bið væri eftir læknaþjónustu svo að hann hafi ákveðið að fara heim og bíða og sjá til hvort hann myndi jafna sig, en sú hafi ekki orðið raunin. Samkvæmt frétt sem birtist á mbl.is 11. júní 2014, kemur fram að yfirlæknir bráðalækninga hefði sagt að föstudaginn 6. júní hafi aðsókn á bráðavaktina verið 40% yfir meðallagi, sem og að mikil aðsókn hafi verið þar alla þá helgi. Staðfestir fyrrverandi kærasta stefnanda, sem og móðir hennar, þessa frásögn hans. Samkvæmt skráðum gögnum leitaði stefnandi ekki lækni fyrir en í september 2014, eins og áður greinir. Stefnandi reyndi ekki að afla sönnunargagna um atvikið, t.d. með því að kalla til lögreglu. Sú skýring hans að hann hafi talið að hann myndi jafna sig af meiðslunum er í sjálfu sér trúverðug og verður hann ekki látinn bera hallann af því.

Meiðslum stefnanda er lýst í gögnum málsins og verður ekki dregið í efa að þau geti hafa hlotist við óhapp það sem stefnandi lýsir, en töluverðan slink þarf til að krossband slitni.

Þegar þessi atriði eru virt verður einkum að horfa til þess samræmis sem er í atvikalýsingu stefnanda, sem og framburði vitna, og þess að ekkert er fram komið sem veikir trúverðugleika hans. Hefur hann leitt nægar líkur að því að hann hafi slasast umræddan dag af völdum skráningarskylds ökutækis og að þær líkur séu nægilega miklu meiri en líkur fyrir hinu gagnstæða til þess að fallist verði á kröfu

hans, en ekkert er fram komið í málinu sem bendir til að stefnandi hafi sýnt af sér gáleysi umrætt sinn.

Bótaskylda stefnda verður því viðurkennd eins og krafist er.

Stefnandi hefur gjafsókn til reksturs málsins fyrir héraðsdómi, samkvæmt gjafsóknarleyfi innanríkisráðherra, dagsettu 16. október 2015.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 700.000 krónur, og rennur í ríkissjóð. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið litið til virðisaukaskattskyldu stefnanda.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, 700.000 krónur.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum læknunum Guðna Arinbjarnar og Ríkarði Sigfússyni.

### **D Ó M S O R Ð:**

Viðurkennd er bótaskylda stefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf., úr slysatryggingu ökumanns hjá stefnda, á tjóni stefnanda, A, vegna umferðarslyss sem hann lenti í 6. júní 2014.

Stefndi greiði 700.000 krónur í málskostnað til ríkissjóðs.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun 700.000 krónur.

Hervör Þorvaldsdóttir

Guðni Arinbjarnar

Ríkarður Sigfússon